



# 08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017



RÍKISENDURSKOÐUN

Janúar 2019

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	2
2	Niðurstöður og ábendingar .....	3
3	Fjárveitingar og rekstur .....	4
3.1	Fjárveitingar .....	4
3.2	Rekstraráætlun.....	4
3.3	Niðurstaða.....	4
4	Innra eftirlit.....	5
4.1	Inngangur .....	5
4.2	Umfjöllun .....	5
4.3	Niðurstaða.....	5
5	Endurskoðun rekstrarliða .....	6
5.1	Rekstrartekjur .....	6
5.2	Rekstrargjöld .....	6
5.2.1	Lífeyrisgreiðslur.....	6
5.2.2	Umsýslukostnaður Greiðslustofu lífeyrissjóða .....	7
5.2.3	Stjórnunarkostnaður Tryggingastofnunar ríkisins .....	7
5.3	Niðurstaða.....	7
6	Endurskoðun efnahagsliða .....	8
6.1	Eignir .....	8
6.1.1	Ríkissjóður.....	8
6.1.2	Skammtímakröfur .....	8
6.1.3	Bankareikningar .....	8
6.2	Eigið fé og skuldir .....	9
6.2.1	Höfuðstóll .....	9
6.2.2	Skammtímaskuldir .....	9
6.3	Niðurstaða.....	9
7	Önnur atriði .....	10
7.1	Stofnefnahagsreikningur.....	10
7.2	Lögfræðibréf .....	10
7.3	Óhæðisyfirlýsing.....	10

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun hjá Eftirlaunasjóði aldraðra, fjárlagalið 08-214 fyrir árið 2017.

Endurskoðunin byggir á bókhaldi fjárlagaliðarins og þeim niðurstöðum sem liggja fyrir við skoðun fyrir árið 2017. Endurskoðunin beindist að þessu sinni að því að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar fyrirbyggjandi upplýsingar.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að vegna tafa við innleiðingu á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál (LOF) og þar með gerð stofnefnahagsreikninga hefur Fjársýsla ríkisins ekki lokið við ársreikning sjóðsins og tekur endurskoðunin mið af því að ekki er fyrirbyggjandi ársreikningur. Stjórnendur Eftirlaunasjóðs aldraðra, sem eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila sjóðsins og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna, telja reikningsskilum lokið af sinni hálfu.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun hjá Eftirlaunasjóði aldraðra fyrir árið 2017 er lokið, með fyrirvara um viðbótarskoðun ef niðurstaða breytist frá fyrirbyggjandi stöðu í bókhaldi sjóðsins þegar endurskoðun fór fram í júlí 2018. Eftirfarandi er niðurstaða endurskoðunarinnar:

### 1. Fjárveitingar og rekstur

Gjöld umfram tekjur árið 2017 voru innan fjárveitinga. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins.

### 2. Innra eftirlit

Æskilegt er að til staðar séu skráðar verklagsreglur fyrir umsýslu með Eftirlaunasjóði aldraðra.

### 3. Endurskoðun rekstrarliða

Taka þarf til skoðunar stjórnunarkostnað, sem Tryggingastofnun reiknar sér fyrir bókhald og fjárreiður sjóðsins, og meta hver raunkostnaður er við þá þjónustu.

### 4. Endurskoðun efnahagsliða

Kröfu á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þarf að skrá á kennitölu Jöfnunarsjóðsins í fjárhagsbókhaldi ríkisins.

## 3 Fjárveitingar og rekstur

### 3.1 Fjárveitingar

Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. Fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjárákalogum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Fjárveiting ársins 2017 til Eftirlaunasjóðs aldraðra nam 22,9 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2017. Engar breytingar voru gerðar á fjárveitingum sjóðsins á árinu frá því sem gert var ráð fyrir í fylgiritinu. Gjöld að frádregnum sértekjum námu samtals 15,8 m.kr. og voru því 7,1 m.kr. lægri en fjárveitingar ársins. Meginhluti gjalda, 14,5 m.kr. eru rekstrartilfærslur vegna eftirlaunagreiðslna. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2017 og rekstur árið 2016.

Í þús. kr.	Fjárveitingar 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017	Rekstur 2016
Rekstrartekjur	-2.100	-1.769	-331	-2.133
Rekstrargjöld og -tilfærslur	25.000	17.565	7.435	21.245
Samtals	22.900	15.796	7.104	19.112

Helstu breytingar á rekstrarliðum frá fyrra ári er lækkun eftirlaunagreiðslna um 3,7 m.kr. þar sem fækkun hefur orðið í hópi þeirra lífeyrisþega, sem lög sjóðsins eiga við um.

### 3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfi. Rekstraráætlun Eftirlaunasjóðs aldraðra fyrir árið 2017 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Frávik frá rekstraráætlun felast m.a. í því að fjárveitingar eru hærri en útgjöld og að ekki var gert ráð fyrir rekstrartekjum í áætlun, þrátt fyrir að árlega falli til tekjur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og var gert ráð fyrir þeim tekjum í fjárveitingum.

### 3.3 Niðurstaða

Tekjuafgangur árið 2017 nam 7,1 m.kr. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá Eftirlaunasjóði aldraðra. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum. Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

### 4.2 Umfjöllun

Með samningi við Greiðslustofu lífeyrisréttinda voru útgreiðslur til lífeyrisþega samkvæmt lögum nr. 113/1994 fluttar til Greiðslustofunnar. Innra eftirlit hjá Tryggingastofnun takmarkast því við greiðslur til Greiðslustofunnar, móttöku á framlögum úr ríkissjóði og innheimtu á kostnaðarhlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Samningurinn við Greiðslustofu lífeyrissjóða gildir fyrir tímabilið frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2017. Með samningnum tekur Greiðslustofan að sér að greiða lífeyri til eftilaunaþega sem eiga rétt samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra nr. 113/1994.

Ekkert er tekið fram um eftirlit með greiðslum til lífeyrisþega í samningnum en gera verður ráð fyrir því að Greiðslustofan viðhafi almennt ákveðið innra eftirlit með þeim lífeyrisgreiðslum sem Greiðslustofan sér um. Eftir sem áður er eðlilegt, að mati Ríkisendurskoðunar, að Tryggingastofnun hafi upplýsingar um hvernig eftirliti er háttað með þeim greiðslum sem Tryggingastofnun hefur verið falið með lögum að hafa umsjón með. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins er eftirlit með greiðslum hjá Greiðslustofunni eftirfarandi:

- ✓ Nafnalisti greiðsluþega er borinn saman við þjóðskrá í hverjum mánuði. Greiðslur eru stöðvaðar ef einstaklingur er látinn.
- ✓ Erlendis búsettir eru krafðir um lífsvottorð/búsetuvottorð árlega. Ef það berst ekki þá eru greiðslur stöðvaðar frá og með mars á hverju ári. Til að sannreyna búsetuvottorð er fengin staðfesting frá sveitarfélagi eða öðrum opinberum aðila s.s. skattyfirvöldum. Ef lífsvottorð berst eftir stöðvun greiðslna, þá eru greiðslur settar af stað aftur.
- ✓ Framvegis verður sendur nafnalisti mánaðarlega til TR, sem fram til þessa hefur aðeins verið sendur í árslok. Nafnalistinn verður sundurgreindur eftir lífeyrissjóðum.

Þá er eðlilegt að Tryggingastofnun sé einnig með skráðar verklagsreglur um hvernig eftirliti er hagað með útgreiðslum úr sjóðnum og eftir atvikum bæti við í samninga við Greiðslustofu ákvæðum þar um.

### 4.3 Niðurstaða

Æskilegt er að til staðar séu skráðar verklagsreglur fyrir umsjó með sjóðinn.

## 5 Endurskoðun rekstrarliða

Rekstraryfirlit fyrir árið 2017 var uppfært í lok apríl 2018 með fyrirvara um breytingar við lokafrágang uppgjors hjá Fjársýslu ríkisins. Samkvæmt rekstraryfirlitinu námu tekjur Eftirlaunasjóðs lífeyrisréttinda 1,8 m.kr. og gjöld 17,6 m.kr., sjá sundurliðun í neðangreindri töflu.

Í þús. kr.	2017	2016	Breyting
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, framlag	1.769	2.133	-364
	1.769	2.133	-364
<b>Gjöld:</b>			
Lífeyrir skv. kafla I	8.687	10.942	-2.256
Lífeyrir skv. kafla II	5.861	7.343	-1.481
Umsýslukostnaður Greiðslustofu lífeyrisréttinda	789	787	2
Stjórnunarkostnaður Tryggingastofnunar ríkisins	2.228	2.173	55
	17.565	21.245	-3.680

### 5.1 Rekstrartekjur

Tekjur Eftirlaunasjóðs aldraðra eru kostnaðarhlutdeild í útgjöldum sjóðsins samkvæmt kafla I í lögum um eftirlaunasjóð aldraðra nr. 113/1994. Tekjur eru reiknaðar í árslok hjá Tryggingastofnun ríkisins eftir að uppgjör frá Greiðslustofu lífeyrissjóða liggur fyrir eftir viðkomandi ár. Kostnaðarhlutdeild reiknast af lífeyrisgreiðslum auk umsýslukostnaðar og stjórnunarkostnaðar. Lækkun tekna er því í samræmi við lækkun gjalda.

Við endurskoðun voru útreikningar á kostnaðarhlutdeild yfirfarnir án athugasemda.

### 5.2 Rekstrargjöld

#### 5.2.1 Lífeyrisgreiðslur

Samkvæmt lögum um eftirlaunasjóð aldraðra nr. 113/1994 eru helstu útgjöld sjóðsins lífeyrisgreiðslur. Réttindi til lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum hafa lífeyrisþegar sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr og makar þeirra. Árið 2017 fengu samtals 80 manns greiðslur úr sjóðnum, þar af fimm lífeyrisþegar og 75 manns fengu makalífeyri. Lækkun á greiðslum stafar af fækkun í hópi lífeyrisþega. Við endurskoðun var ekki unnt að sannreyna útreikninga á lífeyri, þar sem Tryggingastofnun hefur engin gögn um slíka útreikninga, heldur fær mánaðarlega beiðni um ákveðna fjárhæð frá Greiðslustofu lífeyrisjóða vegna útgreiðslna í mánuðinum. Ríkisendurskoðun bendir á að koma þarf á ferli til staðfestingar á mánaðarlegri kröfu frá Greiðslustofu.

## 5.2.2 Umsýslukostnaður Greiðslustofu lífeyrissjóða

Greiðslur til Greiðslustofu lífeyrissjóða grundvallast á samningi Tryggingastofnunar ríkisins, f.h. Umsjónarnefndar eftirlauna, við Greiðslustofu. Umsjónarnefndin var reyndar lögð af árið 2009 með breytingu á lögum nr. 113/1994. Með samþykki laga nr. 122/2009 tók Tryggingastofnun ríkisins við umsjón með lífeyrisgreiðslum, sem Umsjónarnefndin hafði áður.

Í samningi við Greiðslustofu lífeyrissjóða er þóknun Greiðslustofu nákvæmlega tilgreind. Þóknun er annars vegar föst greiðsla og hins vegar gjald sem tekur mið af fjölda lífeyrisþega sem fá greiðslur. Samningurinn er vísitölutryggður. Farið var yfir útreikninga á þóknun ársins 2017 m.v. uppgefinn fjöldi lífeyrisþega án athugasemda.

## 5.2.3 Stjórnunarkostnaður Tryggingastofnunar ríkisins

Í samningi Tryggingastofnunar ríkisins og Greiðslustofu lífeyrissjóða kemur fram að bókhald og fjárreiður sjóðsins verði hjá Tryggingastofnun. Bókhald og fjárreiður ná yfir mánaðarlegar greiðslur til Greiðslustofu lífeyrissjóða og greiðslu á þóknun Greiðslustofu samkvæmt reikningi í árslok auk útreikninga og bókun á kostnaðarhlutdeild í stjórnunarkostnaði Tryggingastofnunar í árslok. Þá er kostnaðarhlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarafélaga í árslok reiknuð og innheimt.

Í greiðslum til Tryggingastofnunar er innifalin kostnaðarþátttaka í launakostnaði bókhaldsdeildar og fjárreiðudeildar sem var áður 3% af launakostnaði. Undanfarin ár hefur gjaldið frá árinu 2011 verið framreiknað til samræmis við launapróun. Ríkisendurskoðun bendir á að skoða þarf ákvörðun um grundvöll fyrir þóknun sjóðsins til Tryggingastofnunar ríkisins í samhengi við raunkostnað, þar sem viðsemjandi er Tryggingastofnun ríkisins f.h. sjóðsins og fjárhæðin 2,2 m.kr. á ári virðist vera í hærra lagi ef tekið er mið af greiðslum til Greiðslustofunnar sem voru 0,8 m.kr. árið 2017.

## 5.3 Niðurstaða

Taka þarf árlega til skoðunar ákvörðun um stjórnunarkostnað, sem Tryggingastofnun ríkisins reiknar sér fyrir bókhald og fjárreiður Eftirlaunasjóðs aldraðra, og raunkostnaður við þá þjónustu metinn.



## 6 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt stöðu bókhalds í árslok 2017 þegar endurskoðun fór fram í maí 2018 námu eignir 9,3 m.kr. m.kr., skuldir námu 2,2 m.kr. og höfuðstóll var 7,1 m.kr.

Í þús. kr.	31.12. 2017	1.1. 2017	Breyting
<b>Eignir:</b>			
Ríkissjóður	9.029	5.950	3.079
Skammtímakröfur	304	11	293
<b>Eignir alls</b>	<b>9.332</b>	<b>5.961</b>	<b>3.372</b>
<b>Eigið fé og skuldir:</b>			
Höfuðstóll	7.104	3.788	3.317
Skammtímaskuldir	2.228	2.173	55
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>9.332</b>	<b>5.961</b>	<b>3.372</b>

### 6.1 Eignir

#### 6.1.1 Ríkissjóður

Inneign hjá ríkissjóði var 9,0 m.kr. í árslok 2017. Inneign hækkaði um 3,1 m.kr. frá fyrra ári.

#### 6.1.2 Skammtímakröfur

Staða skammtímakrafna í árslok nam 0,3 m.kr. Hér er um að ræða eftirstöðvar af kröfu á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til greiðslu í byrjun næsta árs. Krafan er ranglega skráð á kennitölu Tryggingastofnunar í stað kennitölu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þessu fyrirkomulagi þarf að breyta þannig að rétt kennitala verði notuð við skráningu krafna og skulda í fjárhagskerfi ríkisins.

#### 6.1.3 Bankareikningar

Samkvæmt ársreikningi Eftirlaunasjóðs aldraðra notar sjóðurinn ekki bankareikning fyrir utan sameiginlegan bankareikning Tryggingastofnunar hjá Seðlabanka. Samt sem áður er til bankareikningur á kennitölu og nafni Umsjónarnefndar eftirlauna. Áður en lögum fyrir sjóðinn var breytt árið 2009 þar sem Tryggingastofnun er falin umsjón með sjóðnum var Umsjónarnefndin skráð sem lögaðili með kennitölu. Við endurskoðun var óskað eftir staðfestingu fjögurra bankastofnana á stöðu bankareikninga á kennitölu Umsjónarnefndarinnar í árslok 2017. Samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka er einn bankareikningur til þar á þeirri kennitölu.

Greiðslur Tryggingastofnunar til Greiðslustofu lífeyrisréttinda eru greiddar inn á þennan reikning en Tryggingastofnun hefur ekki upplýsingar um aðrar færslur á reikningnum. Ekki fengust upplýsingar um prókúruhafa en staða á reikningnum nam 5.166 kr. í árslok samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka.

Ríkisendurskoðun hefur mælt til þess að þetta fyrirkomulag verði tekið til skoðunar og vakið athygli á því að á meðan til er bankareikningur, sem er notaður fyrir sjóðinn sé rétt að sá bankareikningur sé skráður í bókhald sjóðsins. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun mun Greiðslustofa stofna nýjan bankareikning fyrir Eftirlaunasjóð aldraðra og loka þeim bankareikningi sem er á kennitölu Umsjónarnefndar. Tryggingastofnun mun fá árlega yfirlit yfir hreyfingar á bankareikningi sjóðsins. Þá mun Tryggingastofnun afskrá kennitölu umsjónarnefndar eftirlauna úr Þjóðskrá.

## 6.2 Eigið fé og skuldir

### 6.2.1 Höfuðstóll

Miðað við stöðu bókhalds fyrir árið 2017 í maí 2018 var eigið fé 7,1 m.kr. eða sem nemur tekjuafgangi ársins 2017. Tekjuafgangur ársins 2016 sem var 3,8 m.kr. var núllstilltur með lokafjárlögum 2016.

### 6.2.2 Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir námu 2,2 m.kr. í árslok 2017 sem er skuld við Tryggingastofnun ríkisins vegna stjórnunarkostnaðar sem er reiknaður eftir að árið er liðið. Við endurskoðun voru greiðslur í ársbyrjun 2018 til greiðslu skammtímaskulda yfirfarnar án athugasemda.

## 6.3 Niðurstaða

Kennitölu Umsjónarnefndar eftirlauna verður lokað sem og bankareikningi á þeirri kennitölu og opnaður nýr bankareikningur hjá Greiðslustofu fyrir eftirlaunasjóðinn. Þá er ekki rétt að nota kennitölu Tryggingastofnunar ríkisins fyrir kröfur á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í fjárhagsbókhaldi ríkisins.

## 7 Önnur atriði

### 7.1 Stofnefnahagsreikningur

Stofnefnahagsreikningur Eftirlaunasjóðs aldraðra pr. 1. janúar 2017 var undirritaður af forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins þann 16. mars 2018.

### 7.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi Eftirlaunasjóðs aldraðra árið 2018 og samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins voru engin málaferli í gangi varðandi Eftirlaunasjóð aldraðra.

### 7.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Eftirlaunasjóði aldraðra.



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 - 105 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) - [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)